

Bls. 2 AUS Ráðstefna í Stokkhólmi: Einnig ræddi hún um eigin reynslu af inngildingu á Íslandi, verandi persóna frá öðru menningarsvæði.



Bls. Myndlistarsýning Kristins Þórs í Geysi: Sækir innblástur til huglegra vídda sem þegar á strigann eru komnar má þekkja sem kunnugan veruleikann.



Litli Hver

05. tbl. 2024

Klúbburinn Geysir
verður 25 ára á þessu ári



Alþjóðleg ungmenntaskipti: AUS Ráðstefna í Stokkhólmi

Leitin að gæðum Líf sjálfbóðaliða ekki endilega öfundsvert

Norræn ráðstefna um vinnu sjálfbóðaliða á vegum Evrópusambandsins í formi Erasmus+ og European Solidarity Corps. Haldin dagana 29. janúar til 1. febrúar fyrr á þessu ári á Quality Hotel Globe, Stokkhólmi, Svíþjóð. Kristinn J. Níelsson og Ásta Olsen voru fulltrúar Klúbbsins Geysis.

Fyrsti fyrirlestur eftir hádegi á þriðjudeginum var undir stjórn Juttu frá Finnlandi. Hann bar yfirskriftina Volunteering eða vinna sjálfbóðaliða. Helstu áskoranirnar skoðaðar.

Húsnæðiskortur er viðvarandi vandamál. Einnig að sjálfbóðaliði hættir fljótt eða sýnir ekki áhuga. Sjálfbóðaliðar geta verið vandlátir úr hófi eða jafnvel einfaldlega gíkkir, vilja bara sumt og annað ekki. Líka hvað varðar ferilskrá og væntingar um atvinnu í kjölfarið. Eitthvað sem er í sjálfu sér ekki óeðlilegt, en er einfaldlega ekki það sem stefnt er að með vinnu sjálfbóðaliða. Það er ofarlega í huga margra sjálfbóðaliða að geta fengið vinnu í framhaldi af sjálfbóðaliðaverkefni og koma sér fyrir á nýjum stað. Væntingar þurfa þó að vera raunsæar og taka mið af upplýsingum og góðri ráðgjöf.

Líf sjálfbóðaliðanna er ekki endilega öfundsvert. Þeir lífa í raun eins og fátækir námsmenn með lítinn pening og ættu því í rauninni að fá afslátt eins og þeir. Ef rétt er haft eftir fá sjálfbóðaliðar 225 evrur á mánuði, sem gerir 33.772. Upphæðin fer í 238 evrur á þessu ári, sem gerir 35.723 krónur.

Annar fyrirlestur fyrra síðdegid var kynning og umræða um ESC, European Solidarity Corps. Guðmundur Ari Sigurjónsson sérfræðingur hjá Rannís sér um þau fyrir Ísland. Hornsteinarnir eru gildi, viðhorf, forgangsríði og nálgun. Tölurnar 4 + 7 eru grunnur að öllu starfi ESC. Empathy (samkennd), Active citizenship (virkur ríkisborgararéttur), Human rights (mannréttindi), Inclusion (Inngilding). Síðan koma þessi sjö: Social Justice (félagslegt jafnrétti),



Ráðsstefnuþátttakendur skrá sig inn

Equality of Opportunity (jöfn tækifæri) Support, (stuðningur) Strengthening Communities, (efling nærsamfélaga), (Active Participation (virk þátttaka), Volunteering (sjálfbóðaliðastarf), Responsibility (ábyrgð).

Málið er að búa til verkefni (Project) og sækja um peninga til þess framkvæma það. Í verkefni þarf að gera ráð fyrir öllum fyrirsjáanlegum kostnaði og skrá hann í umsókn áður en umsókn er send. Því meira þeim mun betra, því ekki er hægt að sækja um hluti eftirá. Sækja um allt í einu. Styrkur er veittur 80% strax og 20% við lok verkefnis. Aldurinn er 18 - 30 en þátttakendur geta verið eldri eða yngri. Viðfangsefnið getur verið annað fólk á ýmsum aldri.

Þriðji og síðasti fyrirlesturinn fyrri daginn hét Planning Projects and adding an Inclusive Perspective eða Verkefnaáætlanir útfrá sjónarhorni inngildingar. Umsjón hafði Miriam Petra Ómarsdóttir Awad, sérfræðingur hjá Rannís. Fjallaði hún um skipulagningu verkefna með það í huga að gera ráð fyrir inngildingu strax í upphafi. Einnig ræddi hún um eigin reynslu af inngildingu á Íslandi, verandi persóna frá öðru menningarsvæði. Efnið getur verið flókið því svo margt þykir sjálfsagt sem ekki er svo sjálfsagt fyrir þá sem ekki fæðast inn í menningarheiminn með háttum sínum og útliti. Þjóðerni og síðir þykja svo

Litli Hver Útgefandi: Klúbburinn Geysis.

Framkvæmdastjóri: Þórunn Ósk Sölvadóttir. Þeir sem unnu þetta blað: Þórunn, Fannar, Kristinn, Gísli, Benni Heimilisfang: Skipholt 29. Sími: 551-5166, tölvupóstur kgeysir@kgeysir.is Heimilisíða: www.klubburinngeysis.is Facebook: Klúbburinn Geysis, Instagram: klubburinn_geysis #geysirclubhouse

KLÚBBURINN
GEYSIR | 20 ÁRA

sjálfsagðir að ekki er gert ráð fyrir öðrum sjónarmiðum eða hversu erfitt getur verið fyrir aðra sem ekki eru eins, að finna sig í hópi og aðstæðum. Þegar kemur að sjálfbodaliðum er hér margt að gæta. Þýðing þess að þeir geti fundið sig og aðlagast aðstæðum, ásamt því að aðstæðurnar taki tillit til þeirra og sjái til þess að inngildingin geti átt sér stað. Andleg og líkamleg heilsa sjálfbodaliðanna getur verið í húfi og allt að vinna að vel takist til.

Miðvikudagurinn 31. janúar. Síðari dagur ráðstefnunnar. Fyrstar á dagskrá voru panelumræður. Umfjöllunarefnið var Góðar starfsvenjur. Umræðum stýrði svíunn Marie Svenson. Hún hefur áratuga reynslu af starfi með sjálfbodaliðum. Í panelnum voru eftirfarandi: Márten frá Kompetencehuset folkehøjskole í Árósum Danmörku. Ólöf Rún Benediktsdóttir verkefnastýra tónlistarmiðstöðvarinnar Stelpur rokka. Berka frá sveitarfélaginu Örebro Svíþjóð. Milka Autio frá Finnlandi og Nina frá Noregi.

Hér koma nokkrir punktar úr pallborðsumræðunum:

Ólöf segir verkefni þeirra í Stelpur rokka vera vettvangur fyrir ungt fólk til að koma skilaboðum áleiðis og tónlistin laðar að þátttakendum með sköpun, sem er vinsælt. Auðvelt að fá áhugasamt ungt fólk til leiks. Gegnum verkefnið er unnið með það að láta unga fólk taka sitt pláss og koma skilaboðum

til samfélagsins. Ef unga fólk er að gera það sem það vill, hefur ákveðna stjórn og finnst það hafa tekist vel til með verkefnið, þá skapar það árangur og gleði. Þurfa að vera vel undirbúna og tilbúna að mæta áskorunum í leiðinni. Helsta áskorunin núna er að þeim hefur verið bent á að verkefnið hefur í för með sér genderexclusion, þ.e. kynútlökun. Stjórnendur verkefnisins þurfa að leysa þá áskorun. Ólöf sagði líka frá því að verkefnið Stelpur rokka er með tengsl við Háskóla Íslands og að þar sé starfsmaður sem tekur saman upplýsingar um verkefni þeirra og getur þannig hjálpað þeim að sækja um styrki. Heldur til haga tölfraði og upplýsingum verkefnisins. Það er áhugavert fyrirkomulag þar sem

rannsóknarefni í háskólanum nýtist aðila í samfélaginu á beinan hátt þ.e. styður við verkefni og á þátt í að bæta það og efla.

Marie Svenson sagði að leggja þyrfti áherslu á hvaða augum unga fólk er litur sjálfbodaliðastarfið. Þurfa að spyrja sig: Hvað fæ ég út úr þessu eða hvað fæ ég tilbaka? Vantar hugrekki. Að gefa ungu fólk nægilegt hugrekki. Þarf að upplýsa fólk og stjórnmálamenn um möguleikana. Ávinninginn af starfi sjálfbodaliðanna. Að þetta þurfi að gera og að það skili árangri. Nína sagði margt að hafa í huga þegar kemur að sjálfbodavinnu. Lög um vinnutíma geta t.d. virkað hamlandi í ákveðnum verkefnum.

Rætt var um gæði. Það er erfitt að skilgreina gæði. Þýðir mismunandi hluti. Gæði geta líka falist í verkefni sem ekki tókst alveg sem skyldi. Lærdómurinn sem eftir situr felur í sér gæði. Verkefni þurfa ekki alltaf að takast vel. Það eru gæði í því líka að reyna að gera sitt besta og bæta sig. Markmiðið er að búa til pláss fyrir ungt fólk. Aðrir njóta góðs af því og samfélagið í heild, af vinnu með ungu fólk sem er ólíkt og er að upplifa ólíka

sjálfsmynd varðandi kyn og annað. Skiptir máli að skapa öruggar aðstæður fyrir sjálfbodaliða, eða það sem kallað er Safe Space, þegar kemur að samskiptum og framkomu. Þröskuldurinn þarf að vera lágur. Ungu fólk er þarfnast verkefna sem eru auðveld fyrir þau og þar sem þau vinna með traustu og góðu

fólki. Umgjörðin þarf að vera traust, vegna þess að mikið er í húfi að samskipti séu eins og best verður á kosid.

Dagarnir geta verið mismunandi hjá fólk. Ef þú hefur átt slæman dag, þá hefurðu ekki eins mikla orku. Góður dagur hefur aftur á móti í för með sér aukna orku. Bæði aðstæður og þarfir eru mismunandi og nauðsynlegt fyrir fólk sem leiðir vinnu sjálfbodaliða að geta sýnt sveigjanleika.

Kristinn J. Niélsson tók saman 2. hluti af 3



Úr ráðstefnusálinum

Matseðill fyrir maí 2024

Matseðill er birtur með fyrirvara um breytingar

Alla daga er hægt að panta sér salatskál a la grande.
Munið að panta samdægurs fyrir klukkan 10.00

Mán.	Þri.	Mið.	Fim.	Fös.	Lau.
		1. Baráttu dagur vinnandi alþýðu LOKAD	2. Hlaðborð	3. Steiktar kjötbollar með grænum og rauðkáli. Sveskjugrautur	
6. Lauksúpa	7. Steiktur fiskur í raspi	8. Beikonpasta	9. Uppstigningardagur LOKAD	10. Kjúklingaréttur með brokkolí. Jarðarberjagrautur	
13. Sveppasúpa	14. Bakaður fiskur í ofni	15. Sesarsalat með kjúklingi	16. Hlaðborð	17. Pizza. Bláberjagrautur	
20. Annar í hvítasunnu LOKAD	21. Steiktar fiskibollar með kartöflum, lauk og kokteilsósu	22. Súrsætur svínapottréttur	23. Hlaðborð	24. Píta með kjúklingi. Apríkósugrautur	25. Félags- leg dagskrá?
27. Tómatsúpa með eggi	28. Plokkfiskur með rúgbrauði	29. Lasagna	30. Hlaðborð	31. Lærissneiðar í raspi með grænum baunum og rauðkáli. Blandaður ávaxtagrautur	

Hefur þú tillögur að skemmtilegri matseld og hugmyndir um aukna fjölbreytni á matseðli Klúbbsins Geysis? Mættu þá á eldhúsfund kl. 10.30 síðasta mánudag hvers mánaðar og taktu þátt í að móta heilsusamlegan og fjölbreyttan matseðil.

Lakkríssala

Lakkríssala til styrktar Ferðafélagi Klúbbsins Geysis. Undanfarna daga höfum við verið að selja lakkrís til styrktar Ferðafélagi Klúbbsins Geysis. Þetta er hinn síungi, ferski og ilmandi



Appololakkrís sem fylgt hefur þjóðinni í áratugi, blanda af marsipani og lakkrís. Félagar í Klúbbum hafa verið mjög ötulir við að selja og gengur þeim mjög vel. Við hvetjum aðra félaga, hvort sem þeir eru í Ferðafélaginu eða ekki að selja fullt, fullt af lakkrís. Lakkríspokinn kostar **1.500 kr.**



Tveir menn frá Samskiptum komu sl. föstudag og settu spegilmu inn á rúðurnar í heilsusetrinu og eldhúsinu.

Afmælisveisla félaga sem eiga afmæli í maí verður haldin þriðjudaginn 28. maí kl. 14.00

Spurning mánaðarins

Hver verður næsti forseti íslenska lýðveldisins?

Katrín eða Halla
Hrund




Katrín



Ég!



Baldur



Baldur




Katrín Jakobsdóttir



Námsmaður mánaðarins

Námsmaðurinn að þessu sinni er Agnar K. Hermannsson. Hann gerðist félagi í Klúbbnum Geysi í janúar á þessu ári. Fannar lagði nokkrar spurningar fyrir hann um námið og tilveruna.



Agnar K. Hermannsson
námsmaður

Í hvað skóla ertu? Fjölbraut Ármúla.


Á hvaða braut? Náttúrufræðibraut.

Áhugasvið? Bílar og tölvur.

Hvað langar þig að vinna við? Óákveðið en eitthvað tengt vísindum.

Hvernig gengur að stunda námið og vera í klúbbnum? Bara vel. Ég er í upprifjun og læri fyrir próf. Ég er alltaf í móttökunni og get notað tölvuna þar við námið, þó að ég sitji ekki í deildinni sjálfri við námið.

Ljósmynd mánaðarins



Þessa frábæru ljósmynd tók Helgi Halldórsson á sýningunni D-vítamín í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsi. Fengum þar frábæra leiðsögn.



Myndlistarsýning Kristins Þórs í Geysi

Kristinn Þór Jóhannesson opnaði sýningu á verkum sínum í Klúbbnum Geysi 19. apríl síðastliðinn. Hann sýnir akrílmálverk á striga og sækir innblástur til huglagra vídda sem þegar á strigann eru komnar má þekkja sem kunnugan veruleikann. Allt frá landslagi til nammibarsins. Kristinn hafur stundað myndlistina frá unglingsárum og fer fimum höndum um strigann með penslinum. Sýningin er opin á opnunartíma klúbbsins: 09.30 til 16.00 en föstudaga til kl. 15.00. Myndirnar eru til sölu.



Frá upphengingu sýningarinnar

Eins og ég hafi aldrei hætt

Sabela hætti sem sjálfboðaliði í Klúbbnum Geysi í október á síðasta ári. Hitti þá ást lífs síns Abiezer sem hún gekk að eiga í Vestmannaeyjum fyrir nokkru.



Sabela kát og glöð

Framtíðin björt og Abiezer ráðinn í vinnu í eldhúsdældinni í Geysi En þá allt í einu fyrir undarlegan tilverknad skriffinnskunnar missti Abiezer atvinnuleyfið og um leið vinnuna í Geysi. Voru nú góð ráð dýr þar til lausn á málinu birtist á mörgum vígstöðvum samtímis: Hvernig væri að bjóða Sabelu starfið á meðan verið er að græja mál Abis í kerfinu. Það gekk eftir og er Sabela nú komin aftur tímabundið til starfa í Geysi, en nú sem launaður starfsmaður.

Innt eftir því hvernig henni líkar endurkoman, segir hún að það sé mjög gaman. „Ég er í eldhúsdældinni og þekki mig vel þar. Það er eins og ég hafi aldrei farið. Mér var mjög vel tekið, eins og reyndar alltaf í Geysi,“ segir hún með sínu glettna brosi.

Einhver munur er þó á því að vera sjálfboðaliði eða launaður starfsmaður?

„Jú auðvitað. Það er meiri ábyrgð. Nú þarf ég til dæmis að vera klár á verkefnum sem þarf að gera og virkja félagana til að taka þátt. Verð að sýna frumkvæði og að verkefnum sé sinnt. Verð að hafa svör ef ég er spurð um eitt og annað sem lýtur að starfinu.

Hún segir að nú sé hún á íslenskunámskeiði og geti notað orð svo ég er öruggari með mig. „Áður voru þetta stök orð en núna get ég tengt orðin betur og hvað verið er að tala um. Þetta styrkir mig persónulega og líka atvinnulega til framtíðar.“ Svo bætir hún við með stríðnisglampa í augum:

„Það er marga sem spilar inn í þegar tungumál eru annars vegar. Eg held að íslenska verði nú aldrei mitt fyrsta tungumál, en kannski annað, því ég held að enskunn minni hafi hrakað frá því ég kom til Íslands.

Við bjóðum Sabelu velkomna til starfa og að hún fái að njóta sín í framtíðinni.

Geysisdagurinn 15. júní 2024



Myndin er frá Geysisdeginum 2023

Nú er komið að því að halda Geysisdaginn í 11. sinn og ekki seinna vænna að huga að undirbúningi. Margt hefðbundinna atriða verður að sjálfsögðu í boði. Hið margfræga Örþon, flóamarkaður, tónlistaratriði, grill og kaffiveitingar og haldið uppi almennri karnivalstemningu.



Myndin er frá Geysisdeginum 2023

Til þess að allt megi vel fram fara óskum við eftir fólki til að undirbúa daginn og skipuleggja, koma með hugmyndir og taka þátt í starfinu þegar dagurinn rennur upp. Eins og alltaf þá verður veðrið með eindæmum fagurt, sól í heiði og sumarblíða.

Þórðarspeki

Ekki er gott að skjóta gæsina ef hún verpir gulleggjum.
Ef þú ætlar að veiða mikinn lax er gott að vera relax.

Litli Hver

Félagsleg dagskrá í maí

Fimmtudagur 2. maí
Borgarsögusafn. Landnámssýning
með leiðsögn. Kl. 15.00

Fimmtudagur 9. maí
Lokað vegna uppstigningar

Fimmtudagur 16. maí
Kaffihúsaferð/Laugalækur kl. 16.00

Fimmtudagur 25. maí
Opíð hús kl. 10.00 - 14.00

Fimmtudagur 30. maí
Opíð hús Kl. 16.00 til 19.00

Undirbúningshópar fyrir Geysisdaginn 15. júní og heilsuviku

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í undirbúningsi fyrir Geysisdaginn eru hvattir til að skrá sig í eftirtalda undirbúningshópa: Heilsuhóp, fjölmiðlahóp, eldhúshóp, skemmtihóp, örþonshóp, flóamarkaðshóp.

VIRKNI Í VERKI !

Myndina á forsíðu tók Kim verkefnastjóri í eldhús- og viðhaldsdeild. Helgi giplar kjötbollurnar til að forma þær þær rétt.



Clubhouse International
Creating Community: Changing the World of Mental Health

Geðheilsa er líka heilsa

Gjöf frá Vinaskáklfélaginu



Frá afhendingu tafldræjanna. Fr.v. Kristinn, Kim, Sigurður, Hörður, Gísli, Maria og Sabela.

Föstudaginn 12. apríl síðastliðinn kom Hörður Jónsson forseti Vinaskáklfélagsins færandi hendi. Meðferðis hafði hann taflborð, taflmenn og skáklukku sem hann afhenti Klúbbnum Geysi að gjöf. Sagði Hörður þetta núndu heimsókn til búsetukjarna og gedúrræða með slíka gjöf. Bætti hann og við að töflin og klukkurnar kæmu frá Skáksambandi Íslands. Félagar og starfsfólk Geysis þakkar þessa höfðinglegu gjöf, sem mun vafalaust efla skáklíf í Klúbbnum Geysi. Sjá nánar á vinaskak.is



Gísli lék fyrsta leikinn gegn Herði. Gísli lék þaði d2 til d4. Taflíð þar með vígt og allir kátir. Skákin fór í bið og er enn.